2. gr.

Lausaganga búfjár, hverju nafni sem nefnist, er bönnuð í Hvolhreppi.

3. gr.

Öll gripahús skulu byggð úr þannig efni að auðvelt sé að halda þeim snyrtilegum og að búfénu líði vel í þeim. Húsum skal haldið vel við, þau máluð að utan og haldið hreinum. Tað og annan úrgang frá búfénu skal fjarlægja.

4. gr.

Hreppsnefnd veitir leyfi til búfjárhalds. Ef leyfishafi brýtur reglur um meðferð búfjár, t.d. gætir þess ekki á fullnægjandi hátt, skal afturkalla leyfið að undangenginni aðvörun.

5. gr.

Búfjáreftirlitsmaður (forðagæslumaður) hreppsins annast eftirlit með búfjárhaldi og skal hann leiðbeina og áminna, eftir atvikum, þá búfjáreigendur sem gerast brotlegir við framangreindar reglur. Lausagöngufénað skal handsama og skrá. Skylt er eigendum að sækja gripi sína og greiða áfallinn kostnað og tjón, þar með talinn kostnað við handsömun gripanna.

6. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum. Með mál út af brotum skal fara að hætti opinberra mála.

7. gr.

Samþykkt þessi sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Hvolhrepps, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 46 25. mars 1991, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 20. janúar 1993.

Halldór Blöndal.

Jón Höskuldsson.

22. janúar 1993 Nr. 36

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 183/1990 og 197/1990, um skil á staðgreiðslu.

1. gr.

5. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Eftirtaldir aðilar eru innheimtumenn staðgreiðslu og taka við staðgreiðslufé og skilagreinum ef þær eru ekki inntar af hendi í bönkum, sparisjóðum eða pósthúsum með greiðslu inn á gíróreikning:

A. Gjaldheimtur:
Gjaldheimtan í Reykjavík.
Gjaldheimtan í Mosfellsbæ.
Gjaldheimtan á Seltjarnarnesi.
Gjaldheimtan, Garðabæ.
Gjaldheimta Suðurnesja, Njarðvík.

B. Sýslumenn:
Sýslumaðurinn á Akranesi.
Sýslumaðurinn í Borgarnesi.
Sýslumaðurinn í Stykkishólmi.
Sýslumaðurinn í Búðardal.
Sýslumaðurinn á Patreksfirði.
Sýslumaðurinn í Bolungarvík.
Sýslumaðurinn á Ísafirði.
Sýslumaðurinn á Hólmavík.
Sýslumaðurinn á Blönduósi.
Sýslumaðurinn í Vík.
Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum.
Sýslumaðurinn á Hvolsvelli.
Sýslumaðurinn á Selfossi.
Sýslumaðurinn í Hafnarfirði.
Sýslumaðurinn í Kópavogi.
Sýslumaðurinn á Sauðárkróki.
Sýslumaðurinn á Siglufirði.
Sýslumaðurinn á Ólafsfirði.
Sýslumaðurinn á Akureyri.
Sýslumaðurinn á Húsavík.
Sýslumaðurinn á Seyðisfirði.
Sýslumaðurinn á Neskaupstað.
Sýslumaðurinn á Eskifirði.
Sýslumaðurinn á Höfn.

2. gr.

Launagreiðandi sem gerir skil á staðgreiðslu skal skila skilagreinum í því umdæmi sem hann á lögheimili hvort sem er á skrifstofu innheimtumanns eða til banka.

3. gr.

Reglugerð þessi sem sett er skv. heimild í 20. og 21. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 22. janúar 1993.

F. h. r.
Indriði H. Þorláksson.

Snorri Olsen.